

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1991

30. desember 1991

1181

Nr. 631

REGLUGERÐ

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971,
um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

Vegna bifreiðar	kr. 1 215
Vegna bifhjóls	kr. 1 215
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	kr. 1 215
Vegna vélsleða	kr. 1 215
Vegna heimilisdráttarvélar	kr. 1 215
Vegna rafstöðvar	kr. 360
Vegna súgþurrkunartækis	kr. 360
Vegna heyblásara	kr. 360
Vegna trillubáta	kr. 2 880

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1992. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 7/1991 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

31. desember 1991

Nr. 632

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 528, 28. desember 1990 um loðnuveiðar.

1. gr.

Aftan við 8. gr. reglugerðar nr. 528, 28. desember 1990, komi ný grein er orðist svo:

Á loðnuvertíð þeirri, sem hófst 26. október 1991, er íslenskum loðnuskipum sem leyfi hafa til loðnuveiða, skv. 1. gr. reglugerðar nr. 528/1990, heimilt að veiða samtals 343 200 lestrir af loðnu.

B 83

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

2. gr.

Reglugerðarviðauki þessi er settur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felldur úr gildi viðauki nr. 479, 25. október 1991 við reglugerð nr. 528, 28. desember 1990, um loðnuveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. desember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 598/1982 um stofnun í erlendum tungumálum við heimspekideild Háskóla Íslands.

1. gr.

2. gr. breytist þannig að 6. málsgrein “f) að annast rekstur á æfingastofu (m) heimspekideildar í erlendum tungumálum og skipuleggja nýtingu hennar (þeirra)” fellur brott. 7. málsgrein breytist í f).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. desember 1991.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.